



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2022**1. Arnarskóli – fjölgun nemenda**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 17.444 þ.kr. vegna fjölgunar nemenda úr ellefu í tólf í Arnarskóla skólaárið 2021-2022. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-17.444
SFS	M2308	Arnarskóli - fjölgun nemenda	Til	17.444
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og niðurstaðan sú að ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Samþykkt var þann 14. desember 2021 í skóla- og frístundaráði og í borgarráði þann 16. desember 2021 að hámarksfjöldi nemenda sem Reykjavíkurborg greiðir framlag vegna til Arnarskóla verði ellefu nemendur. Forgang eiga nemendur með lögheimili í Reykjavík sem nú þegar eru í Arnarskóla að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði þessa verklagsins.

Samkvæmt umræddu verklagi í 4. grein er gert ráð fyrir að nemendur Arnarskóla sem flytjast til Reykjavíkur fái sérstaka meðhöndlun og undanþágu til áframhaldandi veru í Arnarskóla. Nemandi sem er fæddur 2013 og hefur verið nemandi í Arnarskóla á vegum annars sveitarfélags flutti búferlum til Reykjavíkur þann 13. janúar 2022. Lagt hefur verið mat á umsókn og er það mat fagskrifstofu grunnskóla SFS að viðkomandi barn uppfylli skilyrði verklagsins.

Kostnaður við skólavist viðkomandi barns í Arnarskóla árið 2022 eru kr. 17.443.822,-. Mánaðargjald er 1.506.291 m.v. febrúar 2022. Útreikningur miðast við fulla 11 mánuði og 18 daga í janúar 2022.

2. Saman gegn ofbeldi

Lagt er til að fjárheimildir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu hækki um 12.000 þ.kr. vegna aðgerða gegn heimilisofbeldi. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -12.000
MAR	09526	Samán gegn ofbeldi	Til 12.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Samán gegn ofbeldi - Samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Kvennaathvarfsins og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið fór fram úr heimildum á árinu 2021 um tæplega 10 milljónir vegna fjölgunar mála og launahækkana starfsmanna á velferðarsviði sem ekki var tekið tillit til í fjárhagsáætlun. Stefnir í að verkefnið fari um 12 m.kr fram úr heimildum árið 2022.

3. Kjaranefndarraðaðir stjórnendur – hækkun launa

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnarsýslu hækki um 33.983 þ.kr. vegna ákvörðunar kjaranefndar Reykjavíkurborgar frá 2. febrúar 2022 um kjör þeirra stjórnenda sem undir hana heyra. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falin útfærsla á svið og starfseiningar.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostn	Frá -33.983
xxx	xxx	Kjaranefndarraðaðir stjórnendur - hækkun launa	Til 33.983
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Kjaranefnd Reykjavíkurborgar er sjálfstæð stjórnarsýslunefnd sem ákvarðar um kjör stjórnenda sem ekki eru í stéttarfélagum. Kjaranefnd hefur ákvarðað um hækkun launatöflu um 1,6% frá 1. júlí 2021 og aftur um 1,6% frá 1. janúar 2022, (ákvörðunnr 5/2022).

Ákvarðanir kjaranefndar hafa ekki áhrif á laun borgarstjóra, né borgarstjórnar, en borgarstjóri og borgarstjórn afþökkuðu sem kunnugt er hækkanir kjararáðs ríkisins á sínum tíma og hefur þróun launa viðkomandi fylgt launavísitölu síðan.

4. Íbúaráð

Lagt er til að fjárheimildir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu hækki um 5.800 þ.kr. vegna íbúaráða. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -5.800
MAR	xxx	Íbúaráð - einskíptis	Til 4.000
MAR	xxx	Íbúaráð - árlegt	Til 1.800
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 10. febrúar 2022 liður 20, mál MSS21120181, Tillaga og greinargerð stýrihóps um innleiðingu íbúaráða.

5. Stockfish

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 4.500 þ.kr. vegna styrks til Stockfish. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -4.500
MOF	xxx	Stockfish	Til 4.500
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og niðurstaðan sú að ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 10. febrúar 2022 liður 15, mál MSS22020092, stuðningur Reykjavíkurborgar við kvikmyndahátíðina Stockfish.

Samþykkt er að veita styrk vegna ársins 2022 að fjárhæð 4.500 þ.kr. og einnig er lagt til að menningar- og ferðamálasviði verði falið að undirbúa þriggja ára samning við Stockfish frá og með árinu 2023 þar sem styrkur til hátíðarinnar nemi 5.000 þ.kr. á ári.

6. Frestun á breytingum á gjaldskrá Veitna ohf

Lagt er til að fjárheimildir íþróttá- og tómstundasviðs hækki um 18.000 þ.kr. vegna frestunar á gjaldskrárbreytingum Veitna ohf. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -18.000
ÍTR	15450	Frestun á gjaldskrárlækkun hjá Veitum ohf	Til 18.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og niðurstaðan sú að ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Fyrirhuguð gjaldskrárbreyting Veitna ohf vegna sölu á heitu og köldu vatni átti að taka gildi 1. janúar 2020. Hefði sú gjaldskrárbreyting haft í för með sér 18.000 þ.kr. árlega lækkun á útgjöldum ÍTR og var tekið tillit til þess við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020, 2021 og 2022. Veitur ohf frestuðu breytingunum tvisvar sinnum, síðast til 1. janúar 2022. Nú hafa þær upplýsingar fengiðst frá OR að frestunin sé ótímabundin og að ekki standi til að breyta verðskrá umfram það sem kemur fram á vef þeirra í bili og því mun sparnaður ÍTR ekki raungerast.

7. Kjarasamningar FÍH og FT

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 58.095 þ.kr. vegna kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga við FÍH og FT. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostn	Frá	-58.095
SFS	M300X	Kjarabætur FÍH og FT	Til	13.832
SFS	M3100	Rekstrarstyrkir til tónlistarskóla v. kjaras FÍH og FT	Til	44.263
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Samningar Sambands íslenskra sveitarfélaga og FÍH og FT hafa verið undirritaðir, og gilda frá 1. janúar 2022 til 31. mars 2023. Kostnaðarmat vegna rekstarstyrkja til sjálfstætt starfandi tónlistarskóla er 44.263 þ.kr. og kostnaðarmat vegna starfsmanna borgarinnar er 13.832 þ.kr.

8. Ljósaverk eftir Ólaf Elíasson – styrkur

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á fjárheimildum sameiginlegs kostnaðar (ÖNN) vegna styrks Reykjavíkurborgar á verki Ólafs Elíassonar í Hallgrímskirkjuturni.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-7.000
ÖNN	09510	Ýmsar samningsbundnar greiðslur	Til	7.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

Greinargerð

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 20. maí 2021 liður 43, mál R21020076, Verk Ólafs Elíassonar í Hallgrímskirkjuturni. Styrkur borgarinnar verði 20.000 þ.kr. og verði deilt niður á þrjú ár.

9. Lífeyris- og rekstrarskuldbindingar Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 12.310 þ.kr. vegna aukaframlags til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-12.310
MOF	03102	Sinfóníuhljómsveit Íslands	Til	12.310
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Fjárheimildin er til að standa undir viðbótarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem er ríkisstofnun, en Reykjavíkurborg er skylt samkvæmt 3. grein laga nr. 36/1982 að standa undir 18% af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar. Við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir fjárhagsárið 2022 lágu ekki fyrir upplýsingar úr fjárlögum ríkisins og því varð að áætla hækkun á framlagi til hljómsveitarinnar. Samkvæmt staðfestingu frá Fjársýslu ríkisins ber Reykjavíkurborg að greiða 266.181 þ.kr. framlag árið 2022 sem er 6.408 þ.kr. hærra en gert var ráð fyrir. Auk þess er gerð krafa um að Reykjavíkurborg greiði 18% hlut í lífeyrisskuldbindingu vegna ársins 2021 eða 5.902 þ.kr. Samtals er því gert ráð fyrir að greiðsla ársins nemi 272.083 þ.kr. en samþykkt áætlun nemur 259.773 þ.kr. Mismunur nemur því 12.310 þ.kr.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Númer skjals:	FÁST-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	2
Útgáfudags.:	01.09.2021
Síðast rýnt / næst rýnt:	01.09.2021 / 01.09.2022
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana og uppgjörs

FÁST-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	15. febrúar 2022
Svið:	SFS
Unnið af:	Haukur Þór Haraldsson
Verkefni/tillaga:	Arnarskóli - nám í einkaskóla
Þjónustubáttur:	Grunnskóli
Stofnun/kostn.st.:	M2308 – Arnarskóli
Fjárhæð:	Kr. 17.443.822,-
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Tillagan snýst um að nemandi sem þegar er í Arnarskóla en flutti til Reykjavíkur 14. janúar s.l. fái að halda námi áfram. Fagteymi SFS fyrir sérkennslu og stuðningsþjónustu hefur metið að nemandinn uppfylli skilyrði fyrir að stunda nám í skólanum.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Það er skilgreint hlutverk fagteymis að gæta að jafnréttismálum þegar nemendur eru valdir í sérskóla.

Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar.

Grunnskólanemendur sem sækja sérskóla borgarinnar og einkarekna sérskóla.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Tillagan hefur áhrif á skólagöngu í grunnskóla óháð kyni eða stöðu nemenda.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

Nei.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	18. janúar 2022
Svið/skrifstofa:	Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Unnið af:	Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir
Verkefni/tillaga:	Saman gegn ofbeldi
Þjónustubáttur:	
Stofnun/kostn.st.:	09526
Fjárhæð:	Fyrirsjáanleg framúrkeyrsla vegna verkefnisins Saman gegn ofbeldi
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti vorið 2014 að fara í átak gegn heimilisofbeldi í samstarfi við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Kvennaathvarfið og Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er lengur um átak að ræða heldur er þetta verklag sem unnið er eftir og er nú Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu einnig þátttakandi í verkefninu.

Markmið samstarfsins er að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum, veita þolendum og gerendum betri þjónustu og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 var áætlað til verkefnisins **Saman gegn ofbeldi** kr. 41.097.987 en það er svipað og frá upphafi verkefnisins 2014.

Vegna fjölgunar útkalla sem rekin hafa verið til samfélagslegra áhrifa af Covid heimsfaraldrinum og launahækkana á tímabilinu er verkefnið ekki innan ramma.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Í öllu verkefninu hefur mannréttindastefna Reykjavíkurborgar verið höfð til hliðsjónar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að taka mið af og bæta þjónustu við fatlað fólk, innflytjendur, hinsegin fólk, aldraða og börn. Unnar hafa verið skýrslur og tillögur er lúta að þessum hópum og þeim framfylgt og unnið upplýsingaefni (bæklingar á nokkrum tungumálum og allir aðgengilegir á vef) um heimilisofbeldi sem er sniðið að þeim, sjá vefsíður [Saman gegn ofbeldi](#). Einnig eru allar tölfræðiupplýsingar sem safnað er á vegum borgarinnar kyngreindar sem afhjúpar kynjaðan veruleika heimilisofbeldis, sjá <https://reykjavik.is/tolulegar-upplýsingar-um-utkoll-vegna-heimilisofbeldis-i-reykjavik>

Hvaða hópa snertir tillagan?

Hún snertir konur í meira mæli en karla þar sem þær eru u.þ.b. 80% brotþola heimilisofbeldis en hún snertir einnig gerendur en u.þ.b. 80% þeirra eru karlar. Hún tengist einnig hópum sem oft eru skilgreindir sem jaðarsettir s.s. fötluðu fólk, hinsegin samfélaginu, innflytjendum, öldruðum og börnum.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Verkefnið og því fjármagni sem því er ætlað, styður við jaðarsetta hópa þar sem þunginn af kostnaði er vegna útkalla og ráðgjafar í kjölfarið við brotaþola og gerendur.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillöggunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	18. janúar 2022
Svið/skrifstofa:	Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Unnið af:	Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir
Verkefni/tillaga:	Saman gegn ofbeldi
Þjónustubáttur:	
Stofnun/kostn.st.:	09526
Fjárhæð:	Fyrirsjáanleg framúrkeyrsla vegna verkefnisins Saman gegn ofbeldi
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti vorið 2014 að fara í átak gegn heimilisofbeldi í samstarfi við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Kvennaathvarfið og Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er lengur um átak að ræða heldur er þetta verklag sem unnið er eftir og er nú Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu einnig þátttakandi í verkefninu.

Markmið samstarfsins er að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum, veita þolendum og gerendum betri þjónustu og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 var áætlað til verkefnisins **Saman gegn ofbeldi** kr. 41.097.987 en það er svipað og frá upphafi verkefnisins 2014.

Vegna fjölgunar útkalla sem rekin hafa verið til samfélagslegra áhrifa af Covid heimsfaraldrinum og launahækkana á tímabilinu er verkefnið ekki innan ramma.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Í öllu verkefninu hefur mannréttindastefna Reykjavíkurborgar verið höfð til hliðsjónar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að taka mið af og bæta þjónustu við fatlað fólk, innflytjendur, hinsegin fólk, aldraða og börn. Unnar hafa verið skýrslur og tillögur er lúta að þessum hópum og þeim framfylgt og unnið upplýsingaefni (bæklingar á nokkrum tungumálum og allir aðgengilegir á vef) um heimilisofbeldi sem er sniðið að þeim, sjá vefsíður [Saman gegn ofbeldi](#). Einnig eru allar tölfraeðiupplýsingar sem safnað er á vegum borgarinnar kyngreindar sem afhjúpar kynjaðan veruleika heimilisofbeldis, sjá <https://reykjavik.is/tolulegar-upplýsingar-um-utkoll-vegna-heimilisofbeldis-i-reykjavik>

Hvaða hópa snertir tillagan?

Hún snertir konur í meira mæli en karla þar sem þær eru u.þ.b. 80% brotþola heimilisofbeldis en hún snertir einnig gerendur en u.þ.b. 80% þeirra eru karlar. Hún tengist einnig hópum sem oft eru skilgreindir sem jaðarsettir s.s. fötluðu fólk, hinsegin samfélaginu, innflytjendum, öldruðum og börnum.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Verkefnið og því fjármagni sem því er ætlað, styður við jaðarsetta hópa þar sem þunginn af kostnaði er vegna útkalla og ráðgjafar í kjölfarið við brotaþola og gerendur.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillöggunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2020 / 2021
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjors

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáí tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	11-03-22
Svið:	Meningar- og ferðamálasvið
Unnið af:	Huld Ingimarsdóttur
Verkefni/tillaga:	Styrkur vegna Stockfish Kvikmyndahátíðar
Þjónustubáttur:	Sérstakur styrkur samþykktur af borgarráði
Stofnun/kostn.st.:	03113
Fjárhæð:	4,5 m.kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Sérstakur styrkur veittur til Stockfish fyrir árið 2022, 4,5 mkr og síðan er samþykkt að hátíðin fái 3ja ára styrktarsamning frá 2023 til 2025 með árlegu 5 mkr framlagi
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Stockfish Film Festival er kvikmynda- og ráðstefnuhátíð fagfólks í kvikmyndageiranum, haldin af öllum fagfélögunum í kvikmyndageirnum á Íslandi. Markmið hátíðarinnar er að þjóna samfélaginu sem hátíðin sprettur úr, efla og auðga kvikmyndamenningu á Íslandi árið um kring og vera íslenskum kvikmyndaíðnaði lyftistöng bæði erlendis og innanlands.
Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.
Kvikmyndaáhugafólk og almennir borgarar
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Jákvæð áhrif fyrir alla viðskiptavinum
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	10.04.2019
Síðast rýnt / næst rýnt:	2019 / 2020
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

FMS-EBL-029 Endurhönnun í turni Hallgrímskirkju – verk Ólafs Elíassonar

Tilgangur jafnréttisskímunar:

Með jafnréttisskímun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskímunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	28.03.2022
Svið:	Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Unnið af:	Dagný Ingadóttir
Verkefni/tillaga:	Endurhönnun í turni Hallgrímskirkju – verk Ólafs Elíassonar
Þjónustubáttur:	Ýmsar samningsbundnar greiðslur
Stofnun/kostn.st.:	09510
Fjárhæð:	Kr. 7.000.000 kr.- árið 2022. Kr. 6.500.000 kr.- árin 2023 og 2024.
Annað:	

Jafnréttisskímun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Samþykkt var í borgarráði þann 20. maí 2021 að Reykjavíkurborg tæki þátt í fjármögnun á ljósverki eftir Ólaf Elíasson í turni Hallgrímskirkju. Markmiðið er að verkið, sem mun endurvarpa regnboga, tryggi flæði gesta í turninn og þá um leið fjárhagslegan rekstrargrundvöll kirkjunnar ásamt því að vera menningarauki í borginni með því að auðga mannlíf og auka aðdráttarafli borgarinnar fyrir borgarbúa og gesti borgarinnar.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Nei
Hvaða hópa snertir tillagan?
Tillagan snertir borgarbúa sem og gesti borgarinnar. Jafnframt starfsfólk Hallgrímskirkju og fólk tengt kirkjunni. Gæti einnig haft áhrif á starfssemi ferðaþjónustu í tengslum við borgina.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan snýr að því að treysta rekstrarlegan grundvöll Hallgrímskirkju, stuðla að aukinni menningu og auknu mannlífi í borginni. Ólíklegt er að tillagan hafi nokkur áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.